

Eldgos

Eldgos eru tíð á Íslandi. Svaraðu eftirfarandi spurningum með hjálp bóka og vefsíðna.

Bækur

- Ari Trausti Guðmundsson. 2001. *Íslenskar eldstöðvar*. Vaka-Helgafell, Reykjavík.
- *Jörðin*. 2005. Luhr, James F. (aðalritsjóri). JPV, Reykjavík.

Netið

- „Eldgos“. Veðurstofa Íslands.
Slóðin er: <http://www.vedur.is/skjalftar-og-eldgos/eldgos/>
- „Heimaeyjargosið“ 2005–2009. Vestmannaeyjabær.
Slóðin er: <http://www.heimaslod.is/index.php/Heimaeyjargosi%C3%B0>
- Vísindavefurinn. 2000-2010. Slóðin er: <http://visindavefur.hi.is/>

Aftast í bók Ara Trausta Guðmundssonar um íslenskar eldstöðvar er tafla um eldgos á 20. öld og hugtök og skýringar. Skoðaðu þessar síður og finndu svör við eftirfarandi spurningum:

1. Hvenær voru eldgosin í *Kröflu*?
2. Reyndu að skýra út hvernig *bólstraberg* myndast.
3. Hvernig myndast *sigdældir*?
4. *Grímsvötn* eru mikilvirk eldgosakerfi. Hvar eru Grímsvötn?
5. Hvað hefur gosið oft í *Grímsvötnum* á sögulegum tíma?



Fremst í bókinni *Jörðin* er efnisyfirlit og aftast í bókinni er atriðisorðaskrá í stafrófsröð.

1. Finndu kaflann um *Grænlandsjökul*. Hversu mikið af yfirborði Grænlands er hulið jökli?
2. Finndu kaflann um *Okefenokee*-votlendið. Hvar er þetta votlendi?
3. Hvaða sérkennilega skriðdýr lifir þar? Hversu þungt getur það orðið?



Vísindavefurinn hefur svör við ótrúlegustu spurningum.

1. Af hverju gjósa eldfjöll?
2. Hæsta fjall sólkerfisins er eldfjall. Hvar er það?
3. Hvað er gjóskuhlaup?

